



Íslam á Íslandi

Fræðslu – og heimildarmynd um múslima á Íslandi

Daníel Guðmundur Hjálmtýsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslam á Íslandi
Fræðslu – og heimildarmynd um múslima á Íslandi

Daníel Guðmundur Hjálmtýsson

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennarafræði
Leiðsögukenndari: Gunnar J. Gunnarsson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Íslam á Íslandi: Fræðslu – og heimildarmynd um múslima á Íslandi

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Daníel Guðmundur Hjálmtýsson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskóli Íslands

Reykjavík, Ísland 2011

Ágrip

Fræðslu – og heimildarmyndin *Íslam á Íslandi* varð til eftir þónokkra íhugun um trúarbrögðin í ljósi þjóðfélagssumræðunnar árið 2010. Höfundur komst að því eftir vettvangsheimsóknir í kennaranámi sínu að kennsluefni um íslam á Íslandi væri ábótavant og ákvað að reyna leggja sitt af mörkum til að bæta þar úr.

Myndin er ætluð nemendum eldri bekkja grunnskóla en hún veitir innsýn inn í líf og störf múslima á Íslandi á hlutlausan, fróðlegan og fjölbreyttan hátt. Félagsmenn í Félagi múslima á Íslandi sátu fyrir svörum og leyfðu höfund að fylgjast með þeirra lífi og iðkun bæði á heimilum sínum og í félagshúsnæði. Rætt var við um tug félagsmanna í ferlinu en festi þó aðeins samræður við nokkra félaganna á filmu. Ferlið var strangt og erfitt en afar áhugavert og spennandi. Greinargerð þessi lýsir þeim meginmarkmiðum sem notkun myndarinnar skal einkennast af, ástæðum gerð hennar auk ýmissa kennslufræðilegra hugmynda og persónulegri ásýnd höfundar á notkun myndarinnar í ljósi fræðilegra heimilda.

Þakkarorð

Námsferill minn sem grunnskólakennaraefni við Menntavísindasvið Háskóla Íslands verður seint skilgreindur sem nám eða nálgun á gerð heimildarmyndar.

Þegar ég tók þá ákvörðun að vinna kennslufræðilega heimildarmynd sem hluta af lokaverkefni mínu til bakkalárgráðu undir leiðsögn Gunnars J. Gunnarssonar, fann ég fyrir trausti og öryggi í minni ákvarðanatöku. Vil ég hér með þakka Gunnari fyrir traustið, leiðsögnina og alla þá ágætu fundi og samræður sem áttu sér stað í ferlinu.

Einnig vil ég fá að þakka þeim vinum og góðkunningjum sem aðstoðuðu mig við gerð þessarar heimildarmyndar. Ingvi Hrafn Laxdal (Krummi) fær innilegar þakkir fyrir þrautlausu þátttöku, félagsskap og frábært samstarf en einnig vil ég þakka þeim Hauki V. Pálssyni, Antoni S. Gunnarssyni, Jóhanni Jóhannssyni, Hlyni Þ. Valssyni, Eyjólfu B. Eyvindarsyni (Sesar A), Atla K. Péturssyni, Hallbirni V. Rúnarssyni og að sjálfsögðu Salmann Tamimi, Ingibjörgu Tamimi Sigurjónsdóttur, Yousef Inga Tamimi og félögum í Félagi múslima á Íslandi. Móður minni, Helgu G. Guðmundsdóttur og fjölskyldu minni færi ég innilegar þakkir fyrir hlýju, stuðning, ást og umhyggju í því ferli sem nú er lokið. Án ykkar allra hefði *Íslam á Íslandi* aldrei orðið að veruleika.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Þakkarorð.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Inngangur.....	6
1. Íslam á Íslandi: Í fortíð og framtíð.....	7
1.1. Íslam í vestri og áhrif fjölmiðla.....	7
1.2. Nauðsyn trúarbragðakennslu í fjölmeningarsamfélagi.....	9
2. Íslam á Íslandi: Fræðslu – og heimildarmynd.....	9
2.1. Úr hugmynd í framkvæmd.....	9
2.2. Viðmælendur.....	11
2.2.1. Egill Noor Prunner.....	11
2.2.2. Salmann Tamimi.....	11
2.2.3. Ólafur Stefán Halldórsson.....	12
2.2.4. Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir og félagar í Félagi múslima á Íslandi.....	12
2.3. Vinnsla á myndefni.....	13
3. Íslam á Íslandi: Ástæður og markmið.....	13
3.1. Markmið Íslam á Íslandi og Aðalnámskrá.....	14
3.2. Fyrirbygging fordóma.....	15
3.3. Viðhorfsbreytingar til hins betra.....	16
4. Íslam á Íslandi: Markhópur	17
4.1. Þroskastig nemenda á unglingastigi.....	17
5. Íslam á Íslandi: Í lögum kveður á um.....	18
5.1. Lög og mannréttindi.....	18
5.2. Toledo-kennsluleiðbeiningarnar.....	19
6. Íslam á Íslandi: Í kennslustofunni.....	19
6.1. Myndefni í kennslu.....	20
6.2. <i>Efst á baugi</i> : Hugmynd að námsþætti.....	21
Lokaorð.....	22
Heimildir.....	23
Viðhengi.....	27
Viðhengi 1: Spurningalisti fyrir Egil Noor Prunner	
Viðhengi 2: Spurningalisti fyrir Salmann Tamimi (17.mars 2011)	
Viðhengi 3: Spurningalisti fyrir Salmann Tamimi (18.mars 2011)	
Viðhengi 4: Spurningalisti fyrir Ólaf Stefán Halldórsson (18.mars 2011)	
Viðhengi 5: Spurningalisti fyrir Ingibjörgu Tamimi Sigurjónsdóttur og konur innan Félags múslima á Íslandi (24.mars 2011)	

Inngangur

Eftirfarandi greinargerð er hluti af fræðslu – og heimildarmyndinni *Íslam á Íslandi* (2011) eftir Daníel G. Hjálmtýsson. Greinargerðin er ítarleg kynning á tilurð, gerð, ástæðum og ásýnd höfundar á notkun myndarinnar í kennslustofunni. Saga íslam er kynnt í stuttu máli og lesandi er þar betur staddur til ígrundunar á trúarbrögðunum. Einnig er farið yfir meginmarkmið myndarinnar í ljósi námskráarfræða, rannsóknum fræðimannafræði auk þroska – og sálafræða. Auk þess eru kennsluaðferðir og hugmyndir skoðaðar. Markmið myndarinnar er að kynna nemendur fyrir trúarhópi sem sjaldan fær jákvæða umfjöllun hér á landi né annarsstaðar á frábrugðinn og spennandi hátt þar sem einstaklingar innan trúarhópsins fá að lýsa trú sinni á hlutlausan, fræðilegan og uppbyggilegan hátt. Vonast er til að með þessari aðferð sé hægt að stuðla að auknu umburðarlyndi, virðingu, samhygð og réttlæti í íslensku samfélagi bæði í skólanum og út í samfélaginu.

Talið er nauðsynlegt að tilvonandi áhorfandi kynni sér eftirfarandi greinargerð áður en myndin sjálf er skoðuð. Telur höfundur það gefa myndinni aukið vægi og gildi sem fræðslu – og/eða kennsluefni. Myndin er framleidd með kennslu samfélagsgreina á unglingsstigi að leiðarljósi og lengd hennar samsvarar einni kennslustund. Sú ákvörðun er rökstudd í greinargerðinni á þann hátt að myndin sé tilvalin til tveggja tíma kennslu þar sem fyrri tíminn nýtist til sýningar á myndinni á meðan sá seinni getur nýst í úrvinnslu og ígrundun.

Við upptökur myndarinnar sjálfur sá höfundur alfarið um handrita – og spurningagerð vegna viðtala, leikstjórn og klippingu á því myndefni sem safnaðist.

1. Íslam á Íslandi: Í fortíð og nútíð

„Ég held að eftir 11.september (2001) og alla þessa neikvæðu umfjöllun um múslima [...],þá sé fólk smátt og smátt að öðlast áhuga á því að skoða málin betur. Marga er farið að gruna að kannski sé þetta ekki alveg rétt mynd“ – Yousef I. Tamimi (Viðar Þorsteinsson og Yousef I. Tamimi, 2008:144).

1.1. Íslam í vestri og áhrif fjölmiðla

Íslam á rætur sínar að rekja allt aftur til 7.aldar e.kr. Múhammed spámaður er sagður hafa orðið fyrir opinberun í helli stutt frá borginni Mekka í Sádí-Arabíu en þar á erkiengillinn Gabríel að hafa birst Múhammed og greint honum frá vilja Guðs. Eftir andlát Múhammeds ritaðu fylgjendur hans niður frásagnir spámansins af fundum sínum með Gabríel og til varð trúarrit múslima, Kóran. Múslimar trúa því að Múhammed hafi verið síðasti spámaður Guðs (Esposito, 1998:6) og að orð Kóransins séu því máttugri en orð Biblíunnar. Mörg hundruð árum síðar tók íslam að breiðast til Evrópu.

Frá áttundu öld fram að miðbiki þeirrar fimmtánda réðu múslimar yfir Spáni og hlutum Suður-Frakklands og Ítalíu. Nýlenduveldin áttu síðar eftir að þrýsta múslimum aftur austur á bóginn en á 17. öld flúði megnið af þeim múslimum sem dvöldu í Evrópu til Norður-Afríku ásamt Gyðingum en báðir trúarhóparnir voru stimplaðir trúvillingar.

Það var ekki fyrr en um miðja 20. öld sem múslimar tóku að streyma aftur inn til Evrópu í leit að atvinnu og menntun (Esposito. 1998:205). Salmann Tamimi var einn þeirra sem kom hingað til lands í leit að frekari menntun snemma á 8. áratuginum en fyrir hafði bróðir hans komið hingað til lands árið 1966.

Salmann segist ekki hafa haft tækifæri til frekari menntunar eftir hernám Ísraelsmanna í Jerúsalem árið 1967 og þess vegna ákveðið að leita á ný mið (Salmann Tamimi, 2011b).

Þann 11. september 2001 réðust hryðjuverkamenn á World Trade Center turnanna í New York borg í Bandaríkjunum (Báðir turnar World Trade Center fallnir. 2001). Skipuleggjendur árásanna voru róttækir múslimar og skilgreindu árás sína sem trúarlegar aðgerðir í nafni íslam. Fjölmiðlafár tók völdin og ekki leið á löngu þar til

Bandaríkjaher réðist inn í Afghanistan í leit að árasarmönnunum og svokallað „Stríð gegn hryðjuverkum“ hófst (Bandaríkjamenn ráðast gegn al-qaeda í Kandahar. 2002). Þó reynt hafi verið að halda trúarlegum bakgrunni árasarmannanna utan umræðunnar, varð raunin allt önnur. Múslimar á Vesturlöndum tóku að finna fyrir frekari fordómum í sinn garð og almenningur tók að tengja hryðjuverkahópa við íslam í auknu mæli. Hafa ungir múslimar orðið fyrir aðkasti hér á landi fyrir tilstilli umfjöllunar fjölmiðla en sonur viðmælenda höfundar, þeirra Ingibjargar og Salmann, Yousef Ingi, lenti í því að ráðist var að honum þar sem hann var á göngu eftir skóladag stuttu eftir árásina á turnanna (Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir. 2011). Höfundur telur að ef innsýn og þekking samnemenda Yousef hefði verið meiri að þá hefði líklega verið hægt að komast hjá þessum vandamálum og því áreiti sem hann varð fyrir af samnemendum sínum í skólanum.

Það eru þó ekki einungis hryðjuverkamenn sem hafa gert múslimum erfitt uppdráttar í hinum vestræna heimi. Umfjöllun fjölmiðla um konur innan trúarinnar hefur heldur en ekki einkennst af neikvæðni. Slæðan (arab. *Hijab*) hefur verið mikið hitamál hjá honum á Vesturlöndum og telja margar konur hér heima og erlendis að „hijab“ sé tákn kúgunar og andlegs jafnt sem líkamlegs ofbeldis. Þetta er þó alrangt og eftir að hafa kynnst konum innan trúarinnar hér á landi við gerð þessarar myndar, komst ég að því að þær konur sem *kjósa* að binda um sig slæðu, geri það af frjálsum og fúsum vilja og að „slæðan“ sé lítið annað en tákn hreinleika og innri fegurðar (Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir. 2011). Í myndinni sjást konurnar jafnt með „hijab“ sem án „hijab“ og virðist litlu skipta hvort þær *kjósi* að bera hana eður ei. Konurnar lýsa því þó í myndinni að erfitt geti verið að fá og halda í atvinnu vegna slæðunnar. Myndin getur því fært nemendum nýtt sjónarhorn á konur innan íslam og um leið breytt ímynd kvennana úr neikvæðri í jákvæða og skilningsríka mynd.

„[...] og er þér spyrjið konur hans, gjörið svo fyrir aftan tjald. Það er hreinna fyrir yðar hjarta sem og þeirra“ (Úr Kóraninum) (Mernissi. 1991: 85).

1.2. Nauðsyn trúarbragðakennslu í fjölmeningarsamfélagi

Óöryggi Vestur-Evrópubúa þegar kemur að múslimum mætti hugsanlega skoða með sterk tengsl ríkis og kirkju innan flestra ríkja Vestur-Evrópu að leiðarljósi, t.d. hér á landi. Aðlögun múslima í löndum Vestur-Evrópu er þess vegna oft erfiðari en t.d. í Bandaríkjunum þar sem tengsl ríkis og kirkju eru ekki eins sterk (Joppke og Lukes, 1999:17). Einn af frumkvöðlum fjölmeningarkennslufræða, James Banks, telur að trúarbragðakennsla í skólum geti stuðlað að jákvæðum viðhorfum til ólíkra trúarhópa. Segir hann m.a. að með trúarbragðafræðslu sé hægt að fyrirbyggja fordóma og auka skilning og virðingu nemenda til ólíkra trúar – og menningarhópa (Banks, 2006). Telja má að með því að kenna um múslima og íslam með tilliti til íslensks samfélags sé hægt að fyrirbyggja það að nemendur rangtúlki og fordæmi það sem þeir eiga oft erfitt með að skilja. Tímarnir breytast og skóli og samfélag sömuleiðis. Má því telja nauðsynlegt að nemendur, jafnt sem kennarar, þekki samnemendur sína og félagi í skóla og samfélagi vel og skilji margbreytileika þess hóps sem einkennir fjölmeningarlegt samfélag og þá siði, trúarbrögð og venjur sem þeim hópi fylgir.

Árið 2001 samþykkti Reykjavíkurborg svokallaða *Fjölmeningarstefnu* þar sem stuðla ætti að umburðarlyndi og virðingu í garð nýbúa og nemenda með íslensku sem annað mál. Austurbæjarskóli var gerður að tilraunaskóla í þessu ferli og er í dag móðurskóli fjölmeningarstefnu á Íslandi (Guðmundur Sighvatsson og Nína Magnúsdóttir, 2007:166). Höfundur var það lánsamur í kennaranámi sínu að kenna við Austurbæjarskóla og ber því góða sögu. Fékkst þar góður grunnur fyrir nauðsyn námsefnis af því tagi sem þessari greinargerð fylgir.

2. Íslam á Íslandi: Fræðslu – og heimildarmynd

2.1. Úr hugmynd í framkvæmd

Hugsjónin á bakvið *Íslam á Íslandi* (2011) hófst í mikilli þankahríð haustmánuði ársins 2010. Fylgst var náið með þjóðfélagsumræðunni og virtust flestar þær umræður mótast af átökum og deilum um trúarbrögð. Snerist umræðan þá einna helst um byggingarlóð fyrir mosku múslima í Reykjavík og virtust Íslendingar hafa bæði skiptar og harðar skoðanir á framgangi mála.

Stuðningsmenn moskunnar fóru mikinn á vefnum en urðu þó nokkuð úti vegna harðra ummæla andstæðinga moskunnar, sem sömuleiðis birtust á vefnum. Innlegg andstæðinga moskunnar í umræðuna virtust einkennast af miklum fordómum í garð múslima en umræðan varð afar heit innan þjóðfélagsins eftir að Fréttablaðið birti niðurstöður viðhorfskönnunar sinnar þann 25. september 2010. Þar kom fram að þriðjungur aðspurðra Íslendinga væri mjög andvígur mosku hér á landi. (Fréttablaðið, 2010:2).

Eftir að hafa lagt mat á þær umræður sem áttu sér stað seint árið 2010, var ákveðið að mikilvægt væri að auka við forða fræðsluefnis um íslam. Þá einna helst íslam á Íslandi.

Skoðuð voru rit og heimildarmyndir um múslima á Vesturlöndum og saga íslam var rifjuð upp. Komist var að því að lítið sem ekkert efni var til um múslima hér á landi ef fréttaskrif, tímaritsgreinar og einstakar fræðigreinar voru undanskildar.

Við lok árs 2010 var ákveðið að vinna kennslufræðilega heimildarmynd um múslima á Íslandi. Ferlið fór hægt af stað en haft var samband við Yousef Inga Tamimi við upphaf nýs árs og rætt við hann um verkefnið. Stuttu síðar var haft samband við föður Yousef, Salmann Tamimi og greint var frá því verkefni sem var í bígerð. Ásamt því að hafa samband við múslima hér á landi, var haft samband við kvikmyndagerðarmenn og aðra vegna upptöku og vinnslu þess efnis sem taka þyrfti til að myndin yrði að veruleika. Þar komu margir kunningjar og vinir við sögu en vegna anna í námi þeirra einstaklinga og annarra sem komu þar við, frestuðust tölur allt fram í mars 2011. Því var ákveðið að nýta tímann í heimildaöflun og upplýsingaleit til greinargerðar, ásamt því að kynna sér sögu múslima hér á landi. Upptökur á *Íslam á Íslandi* (2011) hófust um miðbik mars 2011. Höfðu þá allflestir þeirra sem höfðu ætlað sér að aðstoða við tölur, þurft að lofa sér í önnur, launuð verkefni og var einungis einn tókumaður eftir af hóp manna sem ætluðu sér að taka þátt. Þessu var þó tekið með góðu og fyrsta heimsókn í húsnæði Félags múslima á Íslandi í Ármúla 36, varð að veruleika föstudaginn 18. mars 2011. Markmiðið var þá að taka múslima (bæði fædda á Íslandi og erlendis) tali og fylgjast með trúariðkun þeirra í máli og myndum. Heimsóknirnar í Ármúla 36 áttu eftir að verða allnokkrar og viðmælendur þó nokkrir en tókum lauk fimmtudaginn 24. mars 2011.

2.2. Viðmælendur

Það getur verið erfitt að skilgreina ein trúarbrögð, hefðir þeirra og venjur út frá sjónarmiði einstaklings. Þess vegna var ákveðið að ræða við nokkra múslima, fædda hér á landi og erlendis, til að fá fjölbreytilega og marktæka fræðslu um hagi og hætti múslima á Íslandi.

2.2.1. Egill Noor Prunner

Egill Noor Prunner varð fyrsti viðmælandinn. Viðtalið fór fram í húsnæði Félags múslima á Íslandi í Ármúla 36 þann 17. mars 2011 en framlag Egils til myndarinnar komst þó ekki í lokaframleiðslu vegna hljóðtruflana í upptöku. Egill gerðist múslimi við upphaf ársins 2011 og í kjölfarið í Félag múslima á Íslandi. Sjálfur segir Egill reynslu sína af þeirri ákvarðanatöku afar góða. Segist hann jafnframt hafa kynnt sér trúarbrögðin vel undanfarin ár og ferðast bæði til Tyrklands og Líbýu í því ferli. Egill vann m.a. heimildarmyndina *Icelander in Turkey* sem nálgast má á vefsíðunni RemotelandFilms.com (sjá *Viðhengi 8*) (Egill Noor Prunner, 2011).

2.2.2. Salmann Tamimi

Þó nokkuð var rætt við félagan innan Félags múslima á Íslandi í heimsóknunum í marsmánuði 2011 en aðallega var rætt við formann félagsins, Salmann Tamimi. Fóru viðtölin fram í húsnæði Félags múslima á Íslandi í Ármúla í Reykjavík þann 17. mars 2011 og á heimil Salmann Tamimi þann 18. mars 2011. Símafundir voru einnig þó nokkrir í ferlinu.

Salmann kemur frá Palestínu og ólst upp í Jerúsalem. Hann kom hingað til lands árið 1971, sextán ára að aldri, í leit að frekari menntun. Upphaflega hafði Salmann ætlað sér að halda áfram til Bandaríkjanna frá Íslandi en örlögin urðu þó önnur.

Um miðjan 8. áratuginn kynntist Salmann konu sinni, Ingibjörgu Sigurjónsdóttir og stuttu síðar gengu þau í hjónaband. Salmann hefur dvalið hér í fjörutíu ár og eiga þau hjónin saman fimm börn og níu barnabörn (Salmann Tamimi. 2011a). Árið 1997 stofnaði Salmann Tamimi, ásamt nokkrum múslimum hér á landi, Félag múslima á Íslandi. Árið 1998 voru 78 skráðir í félagið. 34 konur og 44 karlar en í dag eru félagsmenn alls 373 talsins. 202 karlmenn og 171 kona (Hagstofa Íslands, 2011).

Starfsemi félagsins fer fram í Ármúla 36 (á 3.hæð) í Reykjavík en allt frá árinu 1999 hafa félagsmenn beðið eftir úthlutun byggingarlóðar fyrir mosku í Reykjavík. Þó hefur enn ekki fengist leyfi en þrátt fyrir það líta félagar björtum augum til framtíðar. Salmann Tamimi býr nú í Breiðholti í Reykjavík ásamt konu sinni, Ingibjörgu og þeirra yngsta barni (Salmann Tamimi. 2011b).

2.2.3. Ólafur Stefán Halldórsson

Ólafur Stefán Halldórsson settist niður og ræddi málin að lokinni kvöldbæn laugardaginn 19.mars 2011. Ólafur leiddi þá bæn en einungis voru fjórir múslimar auk Ólafs mættir til að biðja. Þar á meðal var átta ára sonur Ólafs.

Á unglingsárum gerðist Ólafur sjómaður og starfaði á sjó allt fram undir þrítugt.

Ólafur segist hafa alist upp við mikla fordóma í garð múslima en þegar hann varð þrítugur ákvað hann að gerast múslimi. Ólafur er á sextugsaldri í dag. Aðspurður segist Ólafur hafa krufið trúna til mergjar áður en hann ákvað að taka við íslam og segir hann siði sína og venjur aldrei jafn góða og nú. Ólafur segist vera mun meðvitaðari um mataræði sitt og tungu en jatar einnig að gömlu sjómanna dagarnir hafi verið fremur svartir miðað við líf hans í dag sem múslimi hér á landi (Ólafur Stefán Halldórsson, 2011).

2.2.4. Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir og konur í Félagi múslima á Íslandi

Laugardaginn 18.mars 2011 voru þau Salmann og Ingibjörg kona hans heimsótt á heimili þeirra í Breiðholti. Rætt var við hjónin um tilveruna, heimilislífið og íslam en fimmtudaginn 24. mars 2011 sótti höfundur kvennafund í húsnæði Félags múslima á Íslandi.

Nýverið hófu konur innan félagsins að hittast vikulega en áður fyrr höfðu fundir aðeins verið haldnir tvisvar í mánuði. Konurnar sem sátu fundinn þegar höfund bar að garði voru alls níu talsins en gestir fundarins komu með bakkelsi, kex og kökur að heiman og kaffi var bruggað. Rætt var um málefni líðandi stundar, þjóðfélagið og hið daglega amstur en yfirleitt biðja konurnar saman á fundunum þó það hafi ekki átt sér stað að þessu sinni. Konurnar ræddu um félagsmál, hefðir og venjur kvenna innan

Íslam en að þeirra sögn er skylda kvenna að ganga til mosku ekki eins mikil og skylda karla (Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir, 2011).

2.3. Vinnsla á myndefni

Eftir tíu daga af upptökum á hljóð – og myndefni var komið að klippingu og framleiðslu á efni myndarinnar. Þar sem efnið var um fimm tímar að lengd, hófst gífurleg vinna við að ná því efni niður í 40 mínútur (sbr. einni kennslustund).

Höfundur notaðist við vinnsluforritið *Final Cut Pro* við klippingu myndarinnar en þetta var jafnframt frumraun höfundar í klippingu myndefnis.

Fyrsta útgáfa myndarinnar varð rétt um þrjár og hálf klukkustund og sú næsta rúmir tveir tímar en eftir að hafa setið iðinn í rúmar sextíu klukkustundir, náðist að raða efninu saman í fjörutíu mínútur. Þegar því markmiði var náð hófst framleiðsla myndarinnar en þar var notast við *Quick Time Export* aðferð innan áður nefnds vinnsluforrits. Þaðan var efnið flutt yfir í systurforrit *Final Cut Pro, Compressor*, þar sem tölvutæk stærð myndarinnar var komið niður í hæfilega stærð til yfirferðar á mynddisk.

Íslam á Íslandi (2011) var svo prentuð á mynddisk þann 29.mars 2011. 41 mínúta og 29 sekúndur af fræðslu – og kynningarefni um íslam á Íslandi voru nú tilbúnar til birtingar á mynddisk.

3. Íslam á Íslandi: Ástæður og markmið

Ástæður gerðar myndarinnar má fyrst og fremst rekja til áhuga höfundar.

Áhugi fyrir trúarbrögðum, bæði hér á landi sem erlendis, hefur ætíð verið fyrir hendi en sömuleiðis hefur höfundur haft þá ánægju að kenna um trúarbrögð í skólum í sínu námi. Þar sem fræðsluefni um íslam á Íslandi er af skornum og einhæfum skammti ákvað höfundur að reyna að leggja sitt af mörkum með því að færa fram ferskt, fróðlegt, hlutlaust og umfram allt áhugavert efni á aðgengilegu formi. Áhrif fjölmiðla skipa einnig sinn sess í því að fræðslu – og heimildarmynd af þessu tagi var tekin fyrir. Umfjöllun fjölmiðla um múslima og trúarbrögðin íslam hefur oftast en ekki einkennst af neikvæðni, ofbeldi og svartsýni.

Var því nauðsynlegt að til væri fræðsluefni þar sem múslimar hér á landi segðu frá sinni trú, hefðum, siðum, venjum, daglegu lífi og sögu hér á landi án hlutdrægni fjölmiðla eða annarra utanaðkomandi aðila.

3.1 Markmið Íslam á Íslandi og Aðalnámskrá

Undanfarin ár hafa fræðimenn rökrætt um framtíð múslima á Vesturlöndum. Fræðimenn takast á um hvernig hinn ungi múslimi tekst á við fordóma og önnur vandkvæði sem fylgja því að vera „öðruvísi“. Dr. Tony Dodd færir rök fyrir áhyggjum um að ungir múslimar annaðhvort skilji sig frá því vestræna samfélagi sem þeir tilheyra eða að þeir afneiti hefðum íslam og með því skilji sig frá fjölskyldu sinni. Dodd hvetur kennara eindregið til að reyna allt sem í þeirra valdi stendur til að fyrirbyggja slíka skiptingu (Dodd, 2002:15-16). Eitt af markmiðum höfundar er að leggja þar hönd á plóg.

Í lokamarkmiðum Aðalnámskrár grunnskóla fyrir samfélagsgreinar segir m.a. að nemendur skuli þekkja þær breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi í gegnum tíðina og skynji og skilji þau áhrif sem fjölmening hefur haft á samfélagið (Aðalnámskrá grunnskóla. *Samfélagsgreinar*, 2007). Telja má að *Íslam á Íslandi* geti stuðlað að nánari innsýn og fræðslu nemenda á breytingu samfélagsins á tímum fjölmenningar. Einnig kemur fram í lokamarkmiðum í sögu í sama riti að nemendur „skulu fá heimildarmynd um sögu Íslands“ þar sem nemendur eigi m.a. að fá innsýn í sögu Íslands, umhverfi og menningu (Aðalnámskrá grunnskóla, *Samfélagsgreinar*). Með *Íslam á Íslandi* er komin heimildarmynd þar sem nútímasaga Íslands, menningarsaga og umhverfi eru gerð skil í trúarbragða – og félagsfræðilegum skilning.

Eflast má telja að markmið myndarinnar samsvari sér með allnokkrum áfangamarkmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræði. Þar segir að nemendur 10. bekkjar skuli m.a. hafa öðlast færni í siðferðislegum álitamálum í ljósi mismunandi trúarbragða. Friður, samskipti kynjana og fjölskyldulíf er þar nefnt sem álitamál (Aðalnámskrá grunnskóla, *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, 2007:11). Hluti *Íslam á Íslandi* fjallar einmitt um þau málefni á skilgreinilegan og hlutlausan hátt.

Gerir það nemandanum kleift að mynda sér sínar eigin skoðanir á þeim siðferðislegu álitamálum sem fyrirfinnast í mismunandi trúarbrögðum. Lokamarkmið námskrárinnar tengjast einnig viðfangsefni myndarinnar en þar er nefnt að nemendur 10.bekkjara skuli skilja innbyrðis áhrif ákveðinna trúarbragða, geta rýnt í ólík viðhorf ýmissa trúarbragða, siði þeirra og venjur auk þess sem nemendur skuli temja sér umburðarlyndi fyrir trúfrelsi og rétt einstaklinga til mismunandi trúariðkunar (Aðalnámskrá grunnskóla. *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*, 2007:8).

Námsþátturinn *Efst á baugi* í Þjóðfélagsfræði 10. bekkjar er kjörið tækifæri til að nýta *Íslam á Íslandi* í námi og kennslu. Þar eiga nemendur að taka fyrir málefni líðandi stundar og kryfja það til mergjar með aðstoð miðla og annarra upplýsinga (Aðalnámskrá grunnskóla. *Samfélagsgreinar*, 2007:76). Kennslufræðileg markmið myndarinnar tengjast svo loks Toledo-leiðbeiningunum en þar er m.a. kveðið á um að nemendur skuli hafa lært að virða skoðanir og trú annarra, hafi alið með sér umburðarlyndi fyrir ólíkum trúarbrögðum, grunnþekkingu á trúarbrögðunum sem tekin eru fyrir, þann hæfileika til að rýna í staðalímyndir innan ákveðinna trúarbragða og draga þær í efa og seu færir um að taka þátt í umræðu um trúarbrögðin í félagslegu samhengi (Toledo-kennsluleiðbeiningarnar:42). Toledo-leiðbeiningarnar voru lagðar fram af sérfræðingaráði ODIHR (Office for Democratic Institutions and Human Rights) um trúfrelsi og virðingu fyrir mannréttindum í trúarbragðakennslu. Eru þar kynntar leiðbeiningar til kennara sem hyggjast kenna trúarbragðafræði eða búa til kennslufni í fræðunum.

3.2. Fyrirbygging fordóma

Á Íslandi má líklega skilgreina fordóma sem „forboðið“ fyrirbæri. Þeir hvíla oftast undir niðri og koma afar sjaldan upp á yfirborðið. Þó virðast fordómar gagnvart einstaklingum af erlendum uppruna, öðru litarhafti, kynþætti eða þeim sem tilheyra framandi trúarbrögðum oftast en ekki leika lausum hala.

Íslensk orðabók skilgreinir hugtakið *fordómar* sem tilhneigingu til að „...taka staðhæfingu sem sjálfgefnum sannleika, án þess að skoða hvaða merking liggur þar að baki“ (Íslensk orðabók, 2003).

Samkvæmt viðhorfskönnun Rauða krossins á Íslandi til minnihlutahópa frá árinu 2005 kom m.a. fram að einn af hverjum fimm Íslendingum væri mjög ósáttur ef hann væri nágrenni múslima (Flestir með jákvætt viðhorf, 2005). Svipuð viðhorf má finna í öðrum Evrópulöndum og eru ástæðar taldar vera þær að Vestur-Evrópubúum líki illa við bænahöld múslima á föstudögum (Spinner-Halev, 1999:69). Einnig má telja að hræðsla Vestur-Evrópubúa við það að eiga múslima sem nágrenna hafi aukist verulega eftir hryðjuverkaárásir á tvíburarturna World Trade Center þann 11. september árið 2001.

Talið er við hæfi að skilgreina fordóma hér á landi í garð múslima sem *fordóma þar sem hluta og heild er oft ruglað saman* (Toma, 2007:60). Fjölmiðlar færa okkur myndir og fréttir af því að nokkrir múslimar hafi gert árás á saklaust fólk í nafni síns Guðs og oftast en ekki eru útskýringar á þeirri atburðarás fáar. Telur höfundur þess vegna að ungt fólk eigi auðvelt með að telja alla múslima hryðjuverkamenn ef það eina sem það sér er ofbeldi, vanlíðan og reiði.

Fræðslu – og heimildarmyndin *Íslam á Íslandi* getur fært fram ferska og sanngjarna sýn á líf og trúarbrögð múslima. Ekki einungis hér á landi, heldur allstaðar í heiminum. Markmið myndarinnar er að sýna trúarhópin og þau trúarbrögð sem hann iðkar á persónulegan, sanngjarnan og opinn hátt þannig að nemandi geti í raun sjálfur myndað sér skoðun á trúarbrögðunum eftir áhorf.

„Ég vil alls ekki gera of mikið úr fordómum Íslendinga en þeir eru til staðar og við þurfum að vita af þeim og fyrirbyggja þá“ (Viðar Þorsteinsson, Yousef Ingi Tamimi, 2008:145).

3.3. Viðhorfsbreytingar til hins betra

Í stað þess að einblína á svör við spurningum um ákveðið fyrirbæri eða vinna úr tilgátu, reynir höfundur að kynna og fræða nemendur og aðra áhorfendur um trúarbrögðin íslam hér á landi. Í ljósi undafarins áratugar og þeirra atburða sem hristu við stoðum trúarbragða og heimsins alls, vonar höfundur að með þeirri mynd sem fylgir þessari greinargerð breytist viðhorf nemenda og jafnvel kennara til ólíkra trúarbragða innan samfélags sem hefur mótast af kristni, til hins betra. Myndin á í raun að auka þekkingu og skilning nemenda á íslam á Íslandi og sjá til þess að þeir verði færir um að meta og greina efnið á skilvirkan og sjálfstæðan hátt.

4. Íslam á Íslandi: Markhópur

Markhópur *Íslam á Íslandi* er aðallega nemendur eldri bekkja grunnskóla eða nemendur á aldrinum 12-16 ára. Þó er talið að myndin geti verið nytsamleg kennurum sem og áhugamönnum um viðfangsefnið. Val á markhópnum er miðað við andlegan og félagslegan þroska nemenda og er mat höfundar að efni myndarinnar og sú nálgunaraðferð sem notuð var við gerð hennar sé meðtækilegri í kennslu á unglingastigi. Þó myndin sé unnin út frá fræðilegu sjónarmiði fyrst og fremst þurfa nemendur að hafa þroska til rýnislæsis og ígrundunar til að efnið skili sér eins og lagt er upp með.

4.1. Þroskastig nemenda á unglingastigi

Piaget segir vitsmuni barna til rýnislæsis og gagnrýnnar hugsunar ekki nægilega þroskaða fyrr en um tólf ára aldur. Piaget setur fram í rannsóknum sínum að unglingar á aldrinum tólf til nítján ára ali af sér ákveðna sjálfsmynd á þessum árum auk þess að athuga betur hvernig þeir eru dæmdir af öðrum og hvernig þeir dæma aðra. (Cole, Cole og Lightfoot. 2005:622). Styðja þessar rannsóknir Piaget val á þeim markhóp sem miðað er við vegna *Íslam á Íslandi*. Margir þroskasérfræðingar nefna einnig fjögur fyrirbæri vitsmunalegs þroska og hugsunar sem aðskilur unglinginn frá barninu.

Fyrsta fyrirbærið er; *að rýna í það hugsanlega*, það seinna; *að hugsa um að hugsa*, það þriðja; *að hugsa fram á við og/eða skipuleggja* og hið fjórða; *að hugsa utan rammans*.

Þó myndin samsvari sér ágætlega við flest þessara fyrirbæra samsvarar sér hún sér þó einkar vel með fjórða og síðasta fyrirbærinu; *Að hugsa utan rammans*.

Unglingurinn er þar fær um að endurskoða grundvallaratriði félagslegra samskipta, stjórn mála og trúarbragða innan þess samfélags sem hann býr í (Cole, Cole og Lightfoot. 2005:621).

Eftir að hafa skipulagt og kennt um trúarbrögð í 5., 6., 8., 9. og 10. bekk í vettvangsheimsóknnum sínum í gegnum nám sitt, telur höfundur þessar staðhæfingar treysta fyrri skoðanir sínar og gefa þeim aukið gildi. Samkvæmt ofangreindum rannsóknum bendir flest til að börn frá 12 ára aldri séu tilbúin að takast á við hitamál

af ýmsu tagi með gagnrýna hugsun að leiðarljósi. Það gerir þeim kleift að rýna betur í efni myndarinnar og þær upplýsingar sem þar koma fram.

5. Íslam á Íslandi: Í lögum kveður á um...

5.1. Lög og mannréttindi

Í Stjórnarskrá kemur skýrt fram að einstaklingar séu frjálsir. Frjálsir til trúariðkunar sinnar og stofnun hverskonar trúarfélags að þeirra vali. Mismunun er ekki liðin og jafnrétti skal gilda í einu og öllu (Stjórnarskrá Íslands. 1944:63.-64.gr. og 65.gr).

Félag múslima á Íslandi var stofnað árið 1997 og hefur sótt um byggingarlóð fyrir mosku allt frá árinu 1999. Fylgir það stjórnarskrá eða mannréttindum?

Við getum hugleitt svarið þegar við lítum til neikvæðs álits Íslendinga á íslam og fordóma sem þar kunna að leynast. Þykir sjálfsagt að trúfélag sem *ekki* hlýtur náð fyrir ríkisvaldi eða borgaryfirvöldum í Reykjavík til byggingar trúariðkunarhúss sé ekki eins verðugt virðulegs álits mannfjöldans?

Mannréttindadómstóll Evrópu lýsir sömuleiðis yfir því að frelsi og mannréttindi skulu í hávegum höfð þegar litið er til trúarbragða og sjálfstæðrar hugsunar. Dómstóllinn segir einnig að einstaklingum sé frjálst að skipta um trúfélög og iðka sín trúarbrögð á þann máta sem þeim líkar best (European Court of Human Rights. 2010:6).

Tekur Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna í sama streng og kveður á um að öll börn (í þessu tilfalli á aldrinum 12-16 ára) skuli njóta mannréttinda og að menntun þeirra skuli einkennast af umburðarlyndi gagnvart öðrum og virðingu. Einnig kemur fram að barnið skuli fá innihaldsríka menntun sem einkennist m.a. af þekkingu á menningarháttum og siðum sem frábrugðnir eru þeim sem barnið býr sjálft við (Barnasáttmáli SP. 1989:29 gr.).

Ef tekið er tillit til þeirra sáttmála og laga hér að ofan má telja að með *Íslam á Íslandi* sé bæði verið að þjóna lagalegum skyldum menntastofnunnar og mannréttinda. Hópur innan samfélags er kynntur og það er undir nemandanum komið að segja hvað honum finnst um tiltekið efni. Rökræða má hvort bið eftir leyfi til byggingar mosku í Reykjavík sé brot á mannréttindum eður ei en ekki verður farið

nánar út í það hér. Þó er það ágætur grundvöllur til umræðna innan bekkjar í ljósi mannréttinda og sáttmála eftir sýningu myndarinnar.

5.2. Toledo-kennsluleiðbeiningarnar

Til þess að námsefni af þessu tagi nái til nemenda á þann hátt sem lagt er upp með, þarf kennarinn að sjá til þess að kennslu sé fylgt eftir með réttlæti, umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi. Kennarinn þarf einnig að vera varkár í því að skyggja ekki á þau trúarbrögð sem tekin eru fyrir með persónulegum skoðunum á efninu.

Toledo leiðbeiningarnar frá árinu 2007 leggja línur fyrir kennara í trúarbragðafræðikennslu. Leiðbeiningarnar kveða á um sanngirni, réttlæti, umburðarlyndi og virðingu í bæði kennslu trúarbragða og gerð námsefnis af þeim toga. Kennaranum er skylt að kunna skil á mismunandi trúarbrögðum sem hann hyggst kenna og að kennslan einkennist m.a. af virðingu fyrir mannréttindum, frjálsri hugsun og að tekið sé tillit til félagslegra gilda (Toledo Guiding Principles, 2007:14). Undirbúningur námsefnis af þessum toga getur verið snúinn og var reynt að fylgja leiðbeiningunum eins vel og hægt var. Því er miðlað áfram til kennara að hafa leiðbeiningarnar að leiðarljósi þegar myndin er sýnd og greind í kennslustofunni.

6. Íslam á Íslandi í kennslustofunni

Eitt af lykilatriðum trúarbragðakennslu og tengdri fræðslu er að hvetja nemendur til að skoða ólík trúarbrögð út frá ákveðnu sjónarmiði. Mikilvægt er þjálfna nemendur í því að skoða trúarbrögð með ríkjandi menningu þeirra heimalands að leiðarljósi. Í stað þess að beinlínis fóðra nemendur með upplýsingum um trúarbrögð er hlutverk kennara fremur að kenna nemendum að rýna í efnið á gagnrýninn og sjálfstæðan hátt auk þess að hvetja til umræðna um efnið í bekknum. Hvernig þetta ákveðna form kennslu er sett fram fer þó eftir aldri og þroskastigi nemenda hverju sinni (Jackson, 2007:33).

6.1. Myndefni í kennslu

Á 20.öldinni tóku trúarleiðtogar að viðurkenna myndmiðla í kennslu. Trúarhópar, jafnt kaþólskir sem aðrir, hófu að innleiða myndbönd inn í trúarbragðakennslu til að hindra fordóma í garð trúarbragða sem gætu leynst í handbókum eða öðrum fræðibókum. Kennarar fóru sömuleiðis að átta sig á því að öldin væri önnur og að ungt fólk gæti tengt sitt daglega líf betur við námsefninu ef það gat horft í stað þess að lesa (Cheung. 2006:3).

Í rannsókn sinni „Media Education as a Vehicle for Teaching Religion: A Hong Kong Case” færir Chi-Kim Cheung rök fyrir áhrifum miðla á ungt fólk. Álit Cheung samsama sér við framsettar hugmyndir um að ungt fólk í dag greini betur það sem það sér og heyrir fremur en það sem það les. Ungt fólk er vant því að nýta sér sjónvarp, kvikmyndir, tónlist og veraldarvefinn bæði sér til skemmtunar og fræðslu og eiga því oftast auðveldara með að tengjast myndefni fremur en námsbókum. Miðað við gæði og litadýrð tónlistarmyndbanda og leikinna kvikmynda og sjónvarpsþátta, finnst unglíngum hin hefðbundna kennsla oftast en ekki óspennandi, þurr og leiðinleg (Cheung. 2006:1).

Athygli nemenda virðist skerpast með notkun myndbanda í kennslu vegna þeirrar tækni sem myndefni ber með sér. Inndregin mynd og útdregin til skiptis, litasamsetningar, hljóð og tónlist eru allt þættir sem eru taldir stuðla að aukinni athygli og bættum námsárangri (Wetzel, Radtke & Stern. 1994:58).

Með sex námsáhrifum og vettvangsheimsóknir í þrjú grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu í reynslubankanum, má segja að fengist hafi góð þekking á námsefni og kennslu í samfélags – og trúarbragðafræðum á unglíngastigi. Höfundur tók t.a.m. fyrir leikna heimildarmynd um Jón Sigurðsson í kennslu 8.bekkjar í síðustu vettvangsheimsókn sinni og tók strax eftir því að nemendur sýndu myndefninu *mun* frábrugðnari áhuga en þeirri námsbók sem höfundur hafði kennt vikuna áður. Jafnvel þótt myndin hafi verið komin til ára sinna og þung á köflum, voru það þær lifandi myndir, frásagnir og tónlist sem vöktu nemendur upp og fengu þá til að fylgjast betur með. Þó skal ætíð gæta að myndefni skyggi ekki á það lesefni sem lagt er fyrir nemendur, heldur ýti fremur undir áhuga nemenda, skilning þeirra og afköst í námi.

6.2. *Efst á baugi*: Hugmynd að námsþætti

Sýning á *Íslam á Íslandi* getur stuðlað að margbreytilegri og fjölbreyttri kennslu í eldri bekkjum grunnskóla. Ásamt því að einkennast af þáttum innan trúarbragðafræða, félagsfræða, sögu, mannfræða og menningarsögu getur myndin stuðlað að þýðingarmiklu námi í tilteknum námsgreinum.

Námsþátturinn *Efst á baugi* í þjóðfélagsfræði fyrir 10. bekk einblínir á að taka fyrir ákveðið málefni líðandi stundar í þjóðfélaginu og kryfja það til mergjar (Aðalnámskrá. *Samfélagsgreinar*, 2007:76). *Íslam á Íslandi* (2011) er þar mjög hagkvæm sem *kveikja* að áframhaldandi ígrundun um ólíka trúar- og menningarhópa hér á landi eða múslima eina og sér. Kennari er hvattur til að leiða umræðu fyrir og eftir sýningu myndarinnar til þess að fá betri sýn á skoðanir nemenda. Hvað hafi breyst með sýningu myndarinnar og hvað ekki. Í kjölfar sýningar er mælt með því að kennari leggi fyrir verkefni eftir sínu nefi en höfundur hvetur þó til hópvinubragða en þau eru talin skapa dýpri skilning á efninu, jákvæð viðhorf til annarra, ferskari hugmyndir til úrvinnslu og er talin styrkja sjálfsmynd nemenda (Ingvar Sigurgeirsson, 1999a:138). Fjölgreindarkenning Gardner kemur hér sterk inn en höfundur telur myndina tengjast bæði samskiptagreind Gardner þar sem færni til að setja sig í spor annarra og samsama sig með öðrum er áhersluatriði og sjálfsþekkingargreind sem samanstendur af þeirri færni að skilja afstöðu, tilfinningar og hegðun annarra (Cole, Cole, Lightfoot, 2005:510). Einnig samsvarar mynd af þessum toga við fyrstu greindargerð Sternberg þar sem nemandinn greinir, dæmir, metur og ber saman það efni sem fyrir hann er sett (Cole, Cole, Lightfoot, 2005:510). Með *Íslam á Íslandi* og þessar hugmyndir fræðimanna að leiðarljósi ætti kennari að finna sig reiðubúinn til að eiga ánægjulega og innihaldsríka kennslustund. Þar sem lengd myndarinnar er sú sama og lengd einnar kennslustundar er tilvalið að nýta tvöfaldan tíma fyrir verkefni af þessu tagi. Þann fyrri til sýningar á myndinni og þann síðari til úrvinnslu og umræðna.

Lokaorð

Nú þegar lokið er við kennaranám má líta svo á að með verkefni þessu hefur verið lagt hönd á plóg í gerð námsefnis fyrir eldri bekki grunnskóla. Námsefni sem opnar fyrir flóðgátt tækifæra, áhuga og fræðslu þegar kemur að því að kenna um trúarbrögð. *Íslam á Íslandi* gefur mynd af áður lítt þekktum trúarhóp hér á landi með áherslu á atriði sem geta skapað frjóar og innihaldsríkar umræður og verkefni innan þess bekks sem efnið er tekið fyrir.

Lítandi yfir farinn veg og gerð þessa verkefnis má telja víst að þeim markmiðum og sjónarmiðum sem lagt var upp hafi verið fullnægt. Komist var að því að það sem lagt var upp með gekk upp og þær hugmyndir sem til voru um trúarbrögðin voru staðfestar. Múslimar lifa hér í sátt og samlyndi við íslenska menningu og arfleið og vilja þeir fátt annað en að finna fyrir sömu virðingu í sinn garð og þeir sína öðrum. Stóra spurningin er sú hvort námsefnið skili sér inn í kennslustofuna með árangursríkum hætti og þeim markmiðum sem henni fylgja verði fullnægt. Það verður að koma í ljós.

Lýkur þar með þessari greinargerð með vonum um að verkið geti stuðlað að auknu umburðarlyndi og viðsýni á trúarbrögðin íslam hér á landi. Bæði innan sem utan kennslustofunnar.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla – *Samfélagsgreinar* (2007). Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið. [80 blaðsíður]. Sótt af 14. mars af

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/2B5AA74345571C4C002576F00058DC5E/Attachment/adalnamskra_grsk_samfelagsgreinar.pdf

Aðalnámskrá grunnskóla -- *Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði*. (2007).

Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. [19 blaðsíður]. Sótt 14. mars af

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=D8894CF3ED04E703002576F00058DC11&action=openDocument>

Bandaríkjamenn ráðast gegn al qaeda í Kandahar. (2002, 28.janúar). Morgunblaðið.

Sótt 24.mars 2011 af

http://www.mbl.is/frettir/erlent/2002/01/28/bandarikjamenn_radast_gegn_al_qaeda_i_kandahar/

Banks, J. A. (2006). Cultural diversity and education: Foundations,

Curriculum and teaching. Boston: Allyn & Bacon.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1989). *Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna*.

Sótt 22.mars 2011 af

<http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Báðir turnar World Trade Center Fallnir. (2001, 11.september). Morgunblaðið. Sótt

21.mars af

http://www.mbl.is/frettir/erlent/2001/09/11/badir_turnar_world_trade_center_fallnir/

- Cole, Michael, Cole, Sheila R., Lightfoot, Cynthia. (2005). *The Development of Children. Fifth Edition*. New York: Worth Publishers.
- Cheung, Chi-Kim. (2006). *Media Education as a Vehicle for Teaching Religion: a Hong Kong Case*. Bandaríkin: The Religious Education Association
- Dodd, Tony. (2002). „Christian and secular perceptions of Islam – Consequences of Islamophobia for muslim self-perceptions” Í Dodd, Tony, Hartshorn, Bryce, Due, Britt, Gunnar Gunnarsson, Vedelsby, Mette, MacAdam, Rod (ritstj.). *Intercultural matters: Islam and European Education. Issues of relevance for teachers*. Bretland: Socrates Programme.
- Egill Noor Prunner. (2011). Viðtal Daníels G. Hjalmtýssonar við Egil Noor Prunner íslenskan múslima. Reykjavík: 17.mars
- European Court of Human Rights. (2010). *Convention of Human Rights and Fundamental Freedoms*. Sótt 22.mars 2011 af http://www.echr.coe.int/NR/rdonlyres/D5CC24A7-DC13-4318-B457-5C9014916D7A/0/ENG_CONV.pdf
- Esposito, John L., (1998). *Islam: The Straight Path. Third Edition*. Bretland: Oxford University Press.
- Flestir með jákvætt viðhorf. (2011, 21.mars) Morgunblaðið. Sótt 21.mars 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1033969
- Guðmundur Sighvatsson og Nína Magnúsdóttir. 2007. „Fjölmenningsstefna” Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.) *Fjölmenning á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.

- Hagstofa Íslands. 2011. Mannfjöldi eftir trúfélögum 1998-2011. *Félag múslima á Íslandi 1998-2011*. Sótt 14.mars 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=632&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN10001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+tr%FAf%E9l%F6gum+1998%2D2011+%26path=../Database/mannfjoldi/Trufelog/%26lang=3%26units=Fjoldi>
- Ingibjörg Tamimi Sigurjónsdóttir. (2011) Viðtal Daníels G. Hjálmtýssonar við Ingibjörgu Tamimi Sigurjónsdóttur. Reykjavík: 24.mars
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). Litróf kennsluaðferðanna. *Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík: Æskan.
- Jackson, Robert. (2007). „Religious and cultural diversity: Some key points”. Keast, John (ritstj.). *Religious diversity and intercultural education: A Reference book for schools*.Strasbourg: Council of Europe.
- Joppke, Christian, Lukes, Steven. (1999). „Introduction: Multicultural Questions”. Joppke, Christian & Lukes,Steven (ritstj.). *Multicultural Questions*. England: Oxford University Press.
- Mernissi, Fatima. (1991). Women and Islam. An Historical and Theological Enquiry. (Mary Jo Lakeland þýddi). Bretland: Blackwell Publishers Ltd.
- Ólafur Stefán Halldórsson. (2011). Viðtal Daníels G. Hjálmtýssonar við Ólaf Stefán Halldórsson íslenskan múslima. Reykjavík: 18.mars
- Salmann Tamimi. (2011a) Viðtal Daníels G. Hjálmtýssonar við Salmann Tamimi formann Félags múslima á Íslandi. Reykjavík: 17.mars
- Salmann Tamimi. (2011b) Viðtal Daníel G. Hjálmtýsson við Salmann Tamimi formann Félags múslima á Íslandi. Reykjavík: 18.mars

Spinner-Halev, Jeff. (1999). „Cultural Pluralism and Partial Citizenship”. Joppke, Christian & Lukes, Steven (ritstj.). *Multicultural Questions*. England: Oxford University Press.

Toledo guiding principles on teaching about religions and beliefs in public schools. (2007). Strasbourg: Council of Europe.

Toma, Toshiki.(2007). „Fordómar og starf gegn fordómum” Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.) *Fjölmennning á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.

Viðar Þorsteinsson, Yousef Ingi Tamimi. 2008. „Maður verður að hafa húmor fyrir sjálfum sér”. Í Auður Jónsdóttir og Óttar M. Norðfjörð (ritstj.) *Íslam með afslætti: Afbók nr.4*. Reykjavík: Nýhil.

Wetzel, C. Douglas, Radtke, Paul H., Stern, Hervey W. (1994). *Instructional Effectiveness of Media*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.

Þriðjungur Íslendinga mjög andvígur mosku. (2011, 25.september). Fréttablaðið.

Viðhengi

Viðhengi 1 – Spurningalisti fyrir Egil og Ólaf

Spurningar fyrir Egil og Ólaf

1. Lýstu fyrir okkur hvernig það var að taka við íslam og hvað kom til að þú ákvaðst að gera það?
2. Hvernig sérðu sjálfa/n þig í dag í samanburði við fyrri trú, líf og starf?
3. Telur þú að með byggingu mosku hér á landi versni eða batni samskipti ólíkra trúarbragða hér á landi? Hvað með umburðarlyndi, virðingu og réttlæti? Mun það breytast til hins betra?
4. Ef þú ættir að lýsa íslensku samfélagi í örfáum orðum. Hvernig myndir þú lýsa því?
5. Eftir að þú tókst við íslam hvernig hafa samskipti þín við vini, fjölskyldu, kunningja og jafnvel vinnufélaga, breyst? Finnur þú fyrir fordómum vegna trúar þinnar eða lítur fólk almennt framhjá trúnni og á manneskjuna sjálfa frekar?
6. Sem Íslendingar, hvernig telur þú að skólakerfið gæti eftir umburðarlyndi og virðingu í garð trúarbragða af öðrum uppruna en kristni? Átt þú barn í skóla?
7. Hvernig hefur líf þitt og starf breyst eftir að þú tókst við íslam. Varstu kristinn fyrir eða varstu trúlaus?

Viðhengi 2 – Spurningalisti fyrir Salmann (í Ármúla)

Spurningar fyrir Salmann

1. Hvernig var það að koma hingað inn út frá heimahúsum og fá stað til þess að hittast og iðka ykkar trú?
2. Hvernig liður ykkur hér?
3. Nú hafið þið barist fyrir byggingarlóð í Reykjavík fyrir mosku og hafið í raun barist hart um réttindin í 11 ár. Hvernig standa þau mál?
4. Margir standa í þeirri trú að bygging mosku á Íslandi sé ekki við hæfi og vilja sumir meina að slík bygging gæti haft slæm áhrif á íslenskt samfélag. Hvernig svarar þú þessum gagnrýnisröddum innan þjóðfélagsins?
5. Hvernig myndir þú lýsa viðhorfi þínu til svokallaðrar *fjölmenningar* á Vesturlöndum? Trúir þú að allir kynþættir og trúarhópar geti lifað í sátt og samlyndi innan eins ákveðins samfélags?

6. Horfum til Norðurlanda. Þar hafa oftast en ekki komið upp deilur á milli trúarhópa innan samfélaga (sbr. Svíþjóð). Telur þú að Íslendingar séu jafnvel meðtækari breytingum á samfélaginu heldur en t.d. Svíar?

7. Í lögum ykkar kveður á um mikið jafnrétti, umburðarlyndi fyrir öðrum trúarbrögðum og virðingu í garð allra (íslamtrúar eða annarrar trúar). Telur þú Félag Múslima á Íslandi jafnvel opnari og umburðarlyndari en þau sem fyrir finnast annarsstaðar í heiminum?

8. Háskólinn í Reykjavík er eins og einkabarn í erfðaskrá félagsins og er falið að eignast allar þær eignir og fjármuni sem félagið myndi skilja eftir sig ef til slita kæmi. Telur þú menntun vera stóran hluta í að koma í veg fyrir fordóma?

9. Nú hafa margir skólar hérlendis tekið upp svokallaðar „nýbúadeildir“ þar sem stuðlað er að jafnrétti kynþátta, trúarhópa, kynja og kynhneigðar í starfi. Sömuleiðis hafa margir þessara skóla rekið ákveðna „fjölmenningsstefnu“ í um áratug. Telur þú að íslenska skólakerfið komi jafnt til móts við þarfi og kröfur nemenda af íslamstrú og þeir gera við önnur íslensk börn? (Hverju mætti breyta?)

10. Ef við byggjum í draumasamfélagi; þar sem allir fengju að lifa eins og þeir vildu án nokkurra fordóma eða vanvirðingar. Hvernig myndir þú vilja sjá íslenskt samfélag og þar afleiðandi heiminn allan, breytast?

11. Telur þú að múslimar hér á landi hafi sömu tækifæri til atvinnu og menntunar hér á landi og aðrir Íslendingar?

12. Kristnir Íslendingar eru vanir jólum og páskum sem hátíðarhöldum þar sem oft er gengið til kirkju, sest niður með fjölskyldunni, borðaður fínn matur og jafnvel opnaðir pakkar. Segðu mér frá því hvernig múslimar hér á landi hafa það hátíðlegt og hvenær yfir árið?

13. Heldur þú að fjölmiðlar bæði íslenskir og erlendir spili stórt hlutverk í því að fyrirbyggja ýta undir fordóma yfirhöfuð? Er einhver fjölmiðill í heiminum algjörlega hlutlaus gagnvart trúarbrögðum og kynþáttum?

14. Skólabörn á Íslandi læra um giftingarathafnir kristinna, skírnarathafnir, fermingarathafnir og jafnvel skilnaðartíðni kristinna einstaklinga en virðast lítið sem ekkert vita um þau mál innan annarra trúarbragða. Hvernig er þessum málum háttað innan félagsins?

15. Hvað er Ramadan?

Viðhengi 3 – Spurningalisti fyrir Salmann (í Dalseli)

1. Í ár eru 40 ár síðan þú komst hingað til lands. Fyrir þá sem ekki vita; Hver ert þú Salmann?
2. Nú kemur þú hingað til lands í fyrsta skipti árið 1971. Lýstu því fyrir okkur hvernig það var að koma hingað til lands á þessum tíma og hvernig það er að ala hér upp fjölskyldu sem múslimi í vestrænu landi.
3. Hafið þið fjölskyldan ætíð búið hér í Breiðholtinu? Hvernig hefur það verið að lifa og starfa í rótgrónu hverfi í Reykjavík? Er mikið um múslima í hverfinu t.d.?
4. Hér í hverfinu búa margir þjóðernishópar og Íslendingar af erlendum uppruna. Tekuru eftir einhverjum fordómum hér í hverfinu?
5. Nú starfar þú ekki einungis sem formaður félagsins heldur vinnur þú einnig út á vinnumarkaðinum? Hvað ertu að starfa við svona fyrir utan hefðbundið safnaðarstarf?
6. Áður en að þið fenguð húsnæði í Ármúla, hittust þið nokkur í heimahúsum og jafnvel hér, ekki satt? Hvernig fór bænahald fram í þá daga?

Viðhengi 4 – Spurningalisti fyrir Ingibjörgu og konur innan Félags múslima á Íslandi

1. Getur þú lýst fyrir okkur þeim veruleika að vera múslimi og kona í íslensku samfélagi í dag?
2. Hvernig hefur frelsi þitt verið til trúariðkunar hér á landi í samanburði við vini og fjölskyldu (Jafnvel kunningja sem búa erlendis)? Hefur þú fundið fyrir miklu óréttlæti eða hefur allt gengið vel?
3. Telur þú íslenskt samfélag þróaðra í samskiptum trúarbragða og ólíkra menningarheima en t.d. Bretland eða Danmörk? Hvað er öðruvísi?
4. Hvernig finnst þér umfjöllun fjölmiðla hér á landi vera í garð múslima í samanburði við erlenda fjölmiðla?
5. Spólum áfram um 20 ár. Hvernig sérðu íslenskt samfélag fyrir þér? Búrkan hefur t.d. verið bönnuð í Frakklandi. Telur þú möguleika á einhverju svipuðu hér á landi? Hvað er búrka?
6. Hvernig finnst þér umræðan um íslam vera í íslenskum skólum? Áttu þú barn í skóla?